

29 jeg tjá yður það, er nú segir til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir 1. febr. hlutadeiganda.

Jeg er yður, herra amtmaður, samdóma um, að umboðsmanni beri að gjöra út um landaþrætur þær, er kunna að koma upp milli landseta á Þjóðjörðum, er liggja undir sama umboð. Umboðsmaðurinn hefði því ekki þurft að beiðast áreiðar þeirrar, er farið hefir fram, og kostnaðurinn við hana getur ekki lent á umboðssjóðnum; en þar af leiðir ekki, að umboðsmaðurinn eigi að greiða kostnað þenna, því hann gat haft góða ástæðu til þess að áskilja gagnvart landseta þeim, er óskar landamerki sín ákveðin, að áreið á landamerkin fari fyrst fram, og verður þá landseti sá, sem, þrátt fyrir slíkt skilyrði, heimtar landamerkin tiltekin, að greiða kostnað þann, er leiðir af slíkri beiðni. Í því máli, sem hjer liggur fyrir, virðist því kostnaður sá, sem áfallinn er, að eiga að greiðast af hlutadeigandi landseta, Jóni bónda Jónssyni á Veðramóti.

Að því er snertir ágreining þann, sem kostnaður þessi hefir risið af, þá leiðir af því, sem að framan er tekið fram, að ákvörðun sú á viðkomandi landamerkjum, sem umboðsmaðurinn mælir fram með í brjefum sínum til amtsins frá 29. nóvember 1879 og 2. ágúst 1880 verður að haldast milli landsetanna fyrst um sinn.

19 skjöl endursendast.

30 — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um 2. febr. uppboð hreppstjóra. — Í brjefi frá 17. f. m. hafið þjer herra amtmaður skýrt mjer frá, að sýslumaðurinn í Skaptafellssýslu hafi í vor látið hreppstjórann í Nesjahreppi Stefán alþingismann Eiríksson halda uppboð á nokkrum munum af strönduðu frakknesku fiskiskipi meðal annars af því, að munir þessir hafi verið sagðir svo lítilfjörlegir, að sýslumaður hjelt, að þeir mundu eigi bera kostnað þann, sem hefði leitt af því, að hann sjálfur hefði farið austur, en á uppboðinu hafi munir þessir hlaupið 515 kr. 50 aura, og hafi því hinn núverandi sýslumaður gjört þá fyrirspurn, hvort sleppa megi að gera grein fyrir hundraðsgjaldi af þessu uppboði í aukatekjubókinni, og virðist þjer, herra amtmaður, að vera þessu meðmæltir, þar sem sýslumaðurinn hafi eptir ástæðum haft nægilega heimild til að fela hreppstjóranum að halda þetta uppboð, en þá beri honum og ekki landssjóði uppboðslaunin samkvæmt 71. grein aukatekjureglugjörðarinnar sbr. við brjef ráðgjafans 19. október 1878 (B 167.)

Fyrir því vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeiganda það, er nú segir.

Eins og tekið er fram í nefndu ráðgjafabrjefi má sýslumaður því aðeins láta hreppstjóra framkvæma uppboð, að hann geti ekki sjálfur framkvæmt það, og að gætt sje skilyrðanna í 71. gr. aukatekjureglugjörðarinnar og ber sýslumanni í hvert sinn, er hann felur hreppstjóra á hendur uppboðshald að geta um ástæðuna til þess og láta rita þar að lútandi athugasemd í uppboðsbókina. Til þess nú að eptirlit verði haft með þessu, verð jeg að álíta það rjettast, að sýslumaður riti öll þau uppboð, sem fara fram í lögsagnarumdæmi hans, í aukatekjubókina, og ber honum þá með tilliti til þeirra uppboða, er hreppstjórar taka uppboðslaun af, að láta fylgja reikningi sínum fyrir aukatekjum eptirrit eptir uppboðsbókinni og þau önnur sönnunarskjöl, er hann álitur hentug eða nauðsynleg til þess að rjettlæta tekjumissi þann, er landssjóðurinn verður fyrir, og það mun þá verða ákveðið með reikningsúrskurði í hverju einstöku máli, hvort landssjóðurinn geti sleppt tilkalli til uppboðslaunanna